

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

101. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga var haldinn þriðjudaginn 5. apríl árið 2022. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 11:30.

Fundinn sátu f.h FG, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Jón Ingi Gíslason og Karl Óttar Pétursson. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Hagvaxtarauki

Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamnings aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

2. Gildistaka breytinga á grein 1.1.3. Mánaðarlaun í hlutastarfi.

Niðurstaða:

Samkvæmt gildandi kjarasamningi aðila sem undirritaður var 10. mars 2022 er gerð breyting á grein 1.1.3. Mánaðarlaun í hlutastarfi hvað varðar viðmiðunarstarfshlutfall og var viðmiðið lækkað úr 33% (1/3 starfi) í 20%. Samningsaðilar eru sammála um að breytingin taki fyrst gildi þann 1. apríl 2022.

3. Starfsheitið Leiðsagnarkennari

Samningsaðilar eru sammála um að framlengja gildistíma ákvæðis um starfsheiti leiðsagnarkennara sem hljóðar svo:

Leiðsagnarkennari

Kennari sem tekur að sér leiðsögn við starfsnámsnema, nema/vettvangsnema og nýliða í starfi ber starfsheitið leiðsagnarkennari. Leiðsagnarkennari er faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi grunnskóla og er/getur verið starfandi kennurum til ráðgjafar þegar kemur að starfsþróun og endurmenntun. Starf við leiðsögn skal aldrei vera minna en 20 % starfshlutfall og er alltaf tímabundið til eins skólaárs í senn. Skilyrði er að leiðsagnarkennari hafi a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og leyfisbréf til kennslu í grunnskóla.

Viðfangsefni leiðsagnarkennara skulu útfærð nánar að frumkvæði skólustjóra í hverjum grunnskóla fyrir sig í samráði við kennara sem falið er að sinna leiðsögn. Starfið skal þá taka mið af umfangi leiðsagnar s.s. útfrá fjölda nema, nýliða eða annarra þeirra verkefna sem kunna að snúa að hlutverki leiðsagnarkennara sem faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi grunnskóla.

Leiðsagnarkennari 1: Kennari í starfsheitinu Grunnskólakennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 235.

Leiðsagnarkennari 2: Kennari í starfsheitinu Umsjónarkennari eða Sérkennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 237.

Kennari sem tekur tímabundið að sér móttöku nema/vettvangsnema sem ekki eru í starfsnámi á lokaári, s.s. kennari á tilteknu námssviði, fellur ekki undir starfsheitið Leiðsagnarkennari.

Leiðsagnarkennari sinnir leiðsögn við starfsnámsnema, vettvangsnema og nýliða vegna starfa þeirra á vettvangi s.s. við undirbúning kennslu, kennsluáætlanagerð, ráðgjöf vegna kennslu og annars samstarfs við nemendur, foreldrasamstarfs og annarra faglegra starfa sem starfi kennara tilheyrja.

Í samráði við skólustjóra kemur leiðsagnarkennari að skipulagningu, áætlanagerð, mati og endurgjöf sem tengist leiðsögn við starfsnámsnema, vettvangsnema og nýliða og vinnur hann þá í samstarfi við háskóla viðkomandi starfsnáms-, vettvangsnema.

Starfsnámsnemi starfar að lágmarki í 50% starfi við kennslu á lokaári kennaranáms hvort sem námið er launað starfsnám eða ekki.

Vettvangsnemi/nemi er nemandi í kennaranámi sem ekki er starfsnámsnemi á lokaári.

Kennarar sem taka að sér leiðsögn og njóta kennsluskylduafsláttar á grundvelli greinar 2.5.2.1 í kjarasamningi KÍ og SNS njóta þeirra réttinda áfram bæði sem leiðsagnarkennarar og í öðrum störfum þar sem um kennsluskyldu er að ræða.

Ákvæði kjarasamnings FG og SNS um leiðsagnarkennara gildir til 31. júlí 2023 en fellur þá niður án frekari fyrirvara nema samningsaðilar hafi tekið aðra ákvörðun fyrir þann tíma sbr. bókun 2 [2022].

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:00.